Deiliskipulag Dettifossvegar svæði 1




Gildandi deiliskipulag Mkv. 1:10000

Deiliskipulag Dettifossvegar svæði 4




Gildandi deiliskipulag Mkv. 1:10000




Staðsetning vinnubúða Mkv. 1:2500




Staðsetning vinnubúða Mkv. 1:2500




Deiliskipulag m. breytingu mkv. 1:10000




Deiliskipulag með breytingu mkv. 1:10000



Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

## GREINARGERÐ

### TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

1. Breyting á deiliskipulagi Dettifossvegar 862.

Breytingin nær til tveggja staða innan marka samþ. deiliskipulags fyrir Dettifossveg sem var samþykkt hjá sveitarstjórn Norðurþings 26.mars 2013 og staðfesting birtist í B deild Stjórnartíðinda 4.júní 2013.
Mörk deiliskipulagssvæðisins breytast aðeins lítilsháttar á svæði 1, skammt frá enda núverandi 1. áfanga Dettifossvegar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og samkvæmt skipulagsreglugerð nr 90/2013 segir að fjallað skuli um tímabundnar byggingaframkvæmdir í deiliskipulagi.
Við gerð deiliskipulags Dettifossvegar fyrr á árinu yfirsást að gera það.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr 90/2013 gr. 5.3.2.10. segir um Starfsmannabúðir: „Þegar starfsemi kallar á tímabundna staðsetningu starfsmannabúða skv. skilgreiningu reglugerðar um hollustuhætti svo sem vegna framkvæmda við orku- og samgöngumannvirki eða á efnistöku- og urðunarsvæðum, skal í deiliskipulagi svæðisins gera grein fyrir stærð og umfangi búðanna, veitukerfum, bílastæðum, tengingu við þjóðveg, tímamörkum og frágangi svæðisins eftir að búðirnar hafa verið fjarlægðar o.fl. eftir atvikum.
Staðsetja skal starfsmannabúðir með eins nákvæmum hætti og unnt er í skipulagi.“

Vísað er til samþ.deiliskipulags varðandi lýsingu á vegaframkvæmdinni, og umhverfismati áætlunar svo og önnur formsatriði.
Þessi tímabundnu mannvirki munu standa meðan á framkvæmdum við vegagerð stendur. Að þeim loknum verða mannvirki fjarlægð og jarðrask lagfærð sjá lið 7 í þessari greinargerð.

2. Vinnubúðir

Greinargerð þessi og lýsing starfsemi tekur til tveggja svæða þar sem fyrirhugað er að reisa vinnubúðir til bráðabirgða á meðan framkvæmdum við lagningu Dettifossvegar stendur.
Vinnubúðirnar munu rísa á svæði 1 og á svæði 4 sbr. samþ. deiliskipulag.

Lóð fyrir vinnubúðir á svæði 4 (norður) er 1,0 ha. Staðsetning er norðan við Norðausturveg, skammt austan við efnisnámu sem verður nýtt við framkvæmdina.
Lóð á svæði 1 (suður) er um 0,5 ha. Staðurinn er við suðurenda framkvæmdasvæðisins, ca 400 m frá enda 1.áfanga Dettifossvegar, þess hluta sem er fullbúinn.

Þar verða reistar bráðabirgðabyggingar,lager, aðkomu og bílastæði, sem og önnur nauðsynlega aðstaða.
Verktaki þarf að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til að reisa og reka vinnubúðir.

Bæði svæðin eru innan marka sveitarfélagsins Norðurþings og svæðið við Dettifoss er einnig innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

3. Byggingar innan svæðis fyrir vinnubúðir,

Innan vinnubúðasvæðanna eru afmarkaðir byggingarreitir um 1000 m2 þar sem gert er ráð fyrir að rísi svefn-, mötuneytis- og skrifstofuskálar, og gámar fyrir verkfæri, efni og rafstöð.
Staðsetning svæðis fyrir vinnubúða er valið með tilliti til hagstæðrar legu vegna aðflutninga efnis og vista. Báðir staðir liggja vel við núverandi samgönguæðum

4. Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að vinnubúðum við Dettifoss er eftir Dettifossvegi (nr 862) sem liggur af núverandi Hringvegi (1) á Mývatnsöræfum.
Aðkoma að vinnubúðum í byggð er frá Norðausturvegi (nr 85).
Á hvoru svæði fyrir sig er gert ráð fyrir 25-30 bílastæðum.

5. Lagnir og veitukerfi

Ekki er aðgangur að veitum við Dettifoss hvorki rafmagni né vatni.
Rafmagn verður framleitt með rafstöð. Vatn verður flutt að með tankbíl og þarf að koma fyrir vatnstanki á heppilegum stað (sjálfrennsli).
Norðursvæði er inn á veitusvæði rafmagns en ekki vatns þarf því að útvega vatn með sama hætti og við Dettifoss.

Á báðum svæðum verður komið fyrir fráveitu frá vinnubúðum sem fer í rotþró. Staðsetning þeirra verður sýnd á uppdrætti vegna nánari útfærsla í gögnum vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.
Gerð, frágangur og rekstur fráveitu og rotþróa verður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, leiðbeiningar um rotþrær og samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Fráveita skólps á báðum athafnasvæðum verður leidd í rotþrær og þær losaðar í fráveitukerfi sveitarfélagsins af aðilum sem hafa leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til flutninga á skólpi.

6. Frágangur

Eftir að framkvæmdum við gerð Dettifossvegar lýkur verða öll bráðabrigðamannvirki fjarlægð af og úr jörðu. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við núverandi ástand þess, tímabundnar malarfyllingar vegna mannvirkja og vegslóða verða fjarlægðar og landinu skilað með frágengnu yfirborði.Í útboðsgögnum er nánar greint frá því hvernig frágangi á vinnubúðasvæðum skuli hagað.

7. UMHVERFISMAT DEILISKIPULAGS

Engar skráðar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins en gerð hefur verið fornleifaskráning. Gert hefur verið umhverfismat vegna framkvæmdanna. Athafnasvæði er að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar Kelduhverfis.
Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
Verktaki þarf að gera sérstaka öryggis og heilbrigðisáætlun fyrir framkvæmdina. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir við vinnubúðir séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið.
Áhrifin felast helst í sýnileika mannvirkja á framkvæmdartíma Dettifossvegar.



Yfirlitsmynd Mkv. 1:80.000

SKÝRING

Breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengiðhefur meðferðísamræmi viðákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í__________________________ þann __________ 20__

og í __________________________ þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá__________ 20__ meðathugasemdafresti

til _________ 20__ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt íB-deild

Stjórnartíðinda þann __________ 20_.

____________________________________

| BR. | DAGS. | BREYTING | TEIKN. |
| --- | --- | --- | --- |

VEGAGERÐIN
DEILD NORÐURLAND SÍMI:
HEIMILISFANG Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri FAX:

LANDMÓTUN
Landmótun sf. teiknistofa landslagsarkitekta
Hamraborg 12, s: 575 5300
200 Kópavogur f: 554 5360 Netfang landmotun@landmotun.is

BREYTING Á DEILISKIPULAG DETTIFOSSVEGAR
svæði 1 og 4

Deiliskipulag - breyting v/vinnubúða

KVARÐI 1: 35.000 - 10.000,2500 DAGS. 09.10.2013 HANNAÐ: EES TEIKNAÐ: LKÓ

VERKNR. DG1201 A1 TEIKN nr. G04 Br. A